

Terra Efnaeyðing hf.  
Berghellu 1  
221 Hafnarfjörður

Akureyri, 2. desember 2020  
UST202004-056/S.K.  
08.14.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 5.11.2020, hjá Terra Norðurlandi, Rangárvöllum.**

Þann 5. nóvember sl. fór fram eftirlit í spillefna- og raftækja móttöku hjá Terra Norðurlandi, Rangárvöllum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Ein ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:**

1. Gr. 5.1. og 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn niðurstöðum eftirlitsmælinga sem eiga að berast Umhverfisstofnun fyrir 1. maí ár hvert.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 4. janúar 2021.**

Virðingarfyllt

Steinunn Karlsdóttir  
Sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir  
Sérfræðingur